

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2849 frá 12. október 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar reglur um skýrslugjöf og framlagningu samantekinna losunargagna innan félags ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2449 frá 6. nóvember 2023 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar sniðmát fyrir vöktunaráætlanir, losunarskýrslur, hlutaskýrslur um losun, samræmingarskjöl og skýrslur innan félags og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1927 ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2449 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1927 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Viðauka XX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21awb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1927):

„32023 R 2449: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2449 frá 6. nóvember 2023 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar sniðmát fyrir vöktunaráætlanir, losunarskýrslur, hlutaskýrslur um losun, samræmingarskjöl og

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2849, 15.12.2023.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2449, 7.11.2023.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 1.

skýrslur innan félags og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1927 (Stjtið. ESB L, 2023/2449, 7.11.2023).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21awc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1928):

„21awd. **32023 R 2849**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2849 frá 12. október 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar reglur um skýrslugjöf og framlagningu samantekinna losunargagna innan félags (Stjtið. ESB L, 2023/2849, 15.12.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2849 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/2449, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.